



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laugasól

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat xxx deildar	5
3 Ytra mat	18
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	20
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
6 Foreldrasamvinna	23
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
8 Fylgigögn	25
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	25
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	25
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25



Leiðarljós leikskólans: Virðing, fjölbreytileiki, sköpun

1 Greinargerð leikskólastjóra

Laugasól býr yfir miklum mannauð. Í vetur hefur starfað frábært starfsfólk sem sinnir vinnu sinni af alúð og metnaði. Við búum vel að menntuðum leikskólakennurum og starfsmönnum sem eru í kennaranáminu. Þetta gerir það að verkum að kennararnir geta miðlað þekkingu sinni á faglegan, mildan en ákveðin hátt til annarra starfsmanna sem hafa minni reynslu og þekkingu á starfinu innan leikskólans. Því náðist það í vetur að allir starfsmenn vinna í takt og nota vísu, mannúð og hvatningu til að efla börnin í eigin getu og lýsa þeim leið þar sem lýðræði og mannúð eru höfð að leiðarljósi. Því má segja að í Laugasól sé lærdómssamfélag þar sem hver lærir af öðrum.

Síðastliðinn vetur var engu líkur. Í upphafi skólaárs varð að ráða 12 manns og í það heila voru ráðnir 15 nýir starfsmenn. Þannig byrjaði skólaárið. Í janúar á nýársdag kviknaði í Laugasól (Laugaborg) og hlaust af talsverðar skemmdir og varð að loka 2. janúar. Starfsmenn sem mættu þennan dag brettu upp ermar og hjálpuðumst að við að þrifa og lofta. Í febrúar skall á verkfall Eflingar stéttarfélags og það stóð fram í mars. Þá vorum við glöð að geta hafið starfsemina aftur á venjulegum nótum. Sú sæla dugði í rúma viku. Þá tók við skrítið sóttvarnartímabil sem enginn starfsmaður hafði upplifað áður, jafnvel þótt aldur væri farinn að færest yfir og reynsla mikil. Í Covid ástandinu sýndi sig hvílikt afburða starfsfólk vinnur hér í Laugasól. Allir starfsmenn mættu alla daga en börnin til helminga. Foreldrar sýndu endemis samvinnu og auðmýkt gagnvart þessum vágasti og reglum sem þurfti að fara eftir vegna hans. Sem betur fer veiktist enginn starfsmaður né barn. Ég vil koma því á framfæri að í þessu ástandi tókum við eftir því að almenn veikindi voru lítil sem engin á starfsmönnum og börnin voru vel hraust allan þennan tíma. Rólegt yfirbragð var yfir börnum og starfsfólki sem segir okkur meira en mörg orð um það hversu yfirsetnar deildirnar eru af börnum almennt. Einnig sýndi sig að opnunartíminn skilaði minna þreyttum starfsmönnum daginn eftir. Það var því hægt að njóta þessa tíma þrátt fyrir yfirvofandi hræðslu um að smitast og veikjast.

Á næsta skólaári verður unnið markvisst í þróunarstarfi með leikskólanum Hofi. Vanda Sigurðardóttir ætlar að vera okkur innan handar og verkefnið hefur fengið vinnuheitið „Ég þori, get og vil.“ Þetta verkefni á síðan að tengjast grunnskólanum og frístund. Verkefnið fer af stað þar sem frá var horfið frá síðasta skólaári. Við byrjum með trukki þann 25. september á sameiginlegum skipulagsdegi Hofs og Laugasólar. Það verður að gangsetja okkur upp á nýtt, virkja nefndir, verkefni sem átti að sinna og fóru fyrir lítið vegna covid. Vinna með þætti eins og vinnumhverfi barnanna vegna þess að næsta skólaár verða börnin mjög ung í báðum húsum í Laugasól. Þar eru margir þættir sem þarf að taka tillit til og svo má áfram telja.



Mig langar að koma á framfæri íhugun varðandi könnun sem gerð er meðal starfsmanna. Í ár varð þetta hvorki fugl né fiskur og hefði verið miklu betra að gera þessa könnun í maí. Þá eru lokin á skólaárinu og sumarstarf að taka við. Okkur stjórnendum hér finnst maí vera betri tími til að gera slíka könnu og alveg eins með foreldrakönnun. Þá höfum við upplifað veturinn, bæði starfsmenn og nýir foreldrar.

Fækkun barna á deildum er gott framtak hjá Reykjavíkurborg en betur má ef duga skal því við vitum að lærdómssamfélag byggist á ró, yfirsýn og plássi til að springa út í leik eins og fífill að vori. Þar má segja að góð hljóðvist og fá börn á deild sé undirstaða þess að svo megi verða. Við þökkum einnig þá ákvörðun að bæta við skipulagsdegi næsta ár 2021 vegna skólaársins sem vonandi kemur aldrei aftur.

Framkvæmdir voru gerðar á baðherbergi barnanna á Undralæk og þar með eru öll baðherbergi orðin vænleg fyrir börn í Laugaborginni. Hins vegar er enn ekki komin niðurstaða úr myglumælingu sem gerð var hér í Laugaborgarhúsinu í febrúar á síðasta skólaári (2019). Ástand kjallarans er mjög bágborið og enn ekki komin niðurstaða um hvernig eigi að leysa það mál. Bæði húsin voru tekin í mælingu núna í maí 2020. Það verður fróðlegt að fá að vita hvað kemur út úr þeirri mælingu ef við fáum einhvern tímann að vita það. Á meðan finna starfsmenn fyrir einkennum og mörg börn eru alltaf með kvef og hor. Staða beggja húsanna er bágborin og margt sem þarf að lagfæra og gera. Það er til dæmis aðeins eitt salerni fyrir starfsmenn á Lækjaborginni en þar starfa oft á sama tíma um 18 manns. Við sem störfum hér erum sammála því að hér þarf að taka ákvörðun. Á að gera við þessi hús svo almennilegt sé eða á að byggja nýtt hús?

Auðvitað vonum við að það verði byggt nýtt hús á lóðinni sem hýsir fallett hvetjandi umhverfi þar sem börn læra með og af hvert öðru. Kennararnir lýsi eins og ljós og njóti þess að vinna í fögru umhverfi þar sem rennur saman náttúran og leikefnið. Allt verði hluti af hvort öðru.

Við erum full bjartsýni á tveggja hæða húsið sem hýsir yngri börnin uppi og stórar svalir eru í kring fyrir vagnana, blóm og jurtir. Gluggar verði neðst við gólf og litlu skríðandi börnin sjái fegurðina úti. Á neðri hæðinni verða eldri börnin og gróðurhús sem þau geta gengið út í hvaða veðri sem er og fylgst með náttúrunni og veðrinu. Garðurinn í kring verður alsettur gróðri og einungis náttúruefni notuð í útileikföng. Hægt verður að ganga af svölum og niður í lítinn garð fyrir yngstu börnin. Miðrými (torg) verður þar sem börnin matast og skammta sér af hlaðborði. Dúkar og köflóttar servíettur. Góð hljóðvist er í öllu húsinu. Fegurð og upplifun er hluti af námsefninu. Ræsting verður hluti af daglegri starfsemi og húsvörður fylgir húsinu.

Látum draumana rætast segir í nýju menntastefnunni og ég hef fulla trú á því að þessi draumur verði að veruleika þó að það sé ekki í dag eða á morgun. ☺

2 Innra mat deilda

Undralækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019-2020

Einingakubbar

Einingakubbar voru mikið notaðir í vetur en að litlu leyti skipulagðar kubbastundir. Einingakubbarnir voru færðir í annað rými og hefur það gefist vel. Það hafa orðið góðar framfarir í kubbaleiknum. Í vetur fórum við í gönguferðir að húsum barnanna og hjá kubbasvæðinu var útbúið stórt kort þar sem hvert hús var staðsett og einnig var stærri mynd af húsinu þeirra. Börnin þældu þannig í hverfinu og notuðu í kubbaleiknum. Þetta var skemmtileg viðbót í kubbastarfið. Haldið verður áfram að vinna með einingakubbana, sjá umbótaáætlun.

Frjáls leikur

Frjáls leikur hefur verið meginleiðin í starfi deildarinnar í vetur. Ný börn voru á deildinni og það tók þau og starfsfólkið smá tíma að læra á frjálsan leik og ná flæði í leiknum. Efniviður er aðgengilegur og reynt hefur verið að setja efnivið á ákveðin svæði áður en leikurinn byrjar, en það mætti vera betur skipulagt. Við höfum einnig verið dugleg að auka fjölbreytni og skipta um efnivið við aðrar deildir. Haldið verður áfram að vinna með frjálsan leik, sjá umbótaáætlun.

Samskipti og bætt líðan

Við höfum notað *Vönduhringinn* markvisst á deildarfundum þar sem hver og einn starfsmaður hefur staðsett hvert barn í hringinn sinn, síðan er það skoðað og rætt með öllum. Þannig höfum við séð hvort eitthvað barn þarf meiri samskipti og athygli og hvort samskiptin við börnin eru jákvæð eða neikvæð. Við viljum nota *Gefðu 10* fyrir þau börn sem þurfa á því að halda og höfum prófað það að litlu leyti. Hver kennari gefur þá ákveðnum börnum 10 mínútur á dag þar sem einblínt er á þetta barn og samskipti þess við önnur börn og kennara. Haldið verður áfram að vinna með samskipti og bætta líðan, sjá umbótaáætlun.

Umbótaþættir Undralækur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einingakubbar	Að þróa leikinn og úthald í leiknum enn meira. Leggja aukna áherslu á frágang í kubbaleik.	Hafa skipulagðar kubbastundir oftast þar sem kennarinn leiðbeinir börnunum. Auðga leikinn enn frekar með því að bæta við efnivið,	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Skráningar og athuganir sem eru svo skoðaðar og endurmetnar á deildarfundum	Að börnin noti kubbana til að vinna úr reynslu sinni og spegla umhverfi sitt. Aukið úthald og áhugi á kubbunum



		t.d. efnisbútum, litlum kubbum, kúlum, dýrum og köllum.				meðal barnanna.
Frjáls leikur	Að undirbúa leikinn betur og takmarka fjölda barna á hverju svæði.	Að setja efnivið á ákveðin svæði áður en leikur hefst.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	Að börnin verði duglegri að finna sér verkefni og haldast í leik í lengri tíma.
Samskipti og bætt líðan	Nýta samskiptahring Vöndu áfram til þess að greina samskipti við börnin og þeirra á milli.	Nota hringinn hennar Vöndu þannig að hver kennari kortleggur samskipti sín við hvert barn og svo ræða kennarar saman og bera saman. Þannig er hægt að sjá hvaða börn þurfa meiri athygli í samskiptum eða breyta neikvæðum samskiptum í jákvæð.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	Bætt samskipti kennarana við börnin og barnanna á milli.
	Nota Gefðu 10 fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.	Hver kennari gefi ákveðnum börnum 10 mínútur á dag þar sem einblínt er á þetta barn og samskipti þess	Næsta skólaár.	Deildarstjóri.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	Bætt samskipti og einstaklingum gefinn tími fyrir það sem þau þurfa.
Vinna með heimamenning u barnanna	Skoða hús barnanna og hverfið	Fara í gönguferðir að húsum barnanna og vinna úr því.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	Heimamenning sýnileg og hefur áhrif á þróun í leik.
	Tungumálavika	Hvert tungumál fær eina viku, fjallað um tungumálið og menningu.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	Börnin séu opin og hafi jákvætt viðhorf til



Barnalýðræði	Kynnast fjölskyldu barnanna.	Börnin fá blað heim þar sem þau eiga að teikna eða setja myndir og texta um fjölskylduna sína. Börnin kynna þetta í leikskólanum.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	annarra tungumála og menningu annarra landa. Að það sé sýnilegt á deildinni hvernig fjölskyldur eru mismunandi og börnin fái að kynna sína fjölskyldu.
	Börnin hafa áhrif á verkefni og þemavinnu.	Umræður í litlum hópum um það sem er í gangi hverju sinni. Eftir hvert verkefni eða þema eru umræðufundir í 3 hópum þar sem sama málefni er rætt og börnin segja álit sitt á því. Þau fá tækifæri til þess að koma með hugmyndir að breytingum og meta ferlið.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á fundum með börnunum reglulega, einu sinni í mánuði.	Að börnin finni að þau hafi áhrif á það sem þau eru að gera og vinna með í leikskólanum. Sjálfsefning og öryggi til að segja sína skoðun.

Mánalækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019-2020

Einingakubbar

Það tókst vel að kynna kubbana fyrir börnunum og þeir urðu áhugaverður og eftirsóttur efniviður, vinsælt var að bæta dýrum við leikinn. Úthald jókst mikið í kubbaleiknum eftir því sem mánuðirnir liðu.

Frjáls leikur

Frjálsi leikurinn blómstraði á allan mögulegan máta með fjölbreyttum og efnivið.

Samskipti og líðan



Samtal milli kennara í tengslum við líðan og samskipti barnanna eru mikil, jafnt á deildarfundum sem og í dagsins önn. Skráning þessu tengt er ábótavant. Ekki hefur tekist að festa samskiptahringinn hennar Vöndu í sessi.

Tækifæri til umbóta

Umbótaþáttur í starfsáætlun næsta árs er að tileinka okkur samskiptahringinn hennar Vöndu ásamt því að efla sjálfhjálp barnanna við matarborðið.

Umbótaþættir Mánalækur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Efla jákvæð samskipti og auka lífsgæði.	Skráningarbla ð sem hver kennari fyllir út. Ræðum saman á deildarfundu m.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	Samskipta- hringur Vöndu. Samantekt og endurmat um áramót. Hringurinn ræddur á síðasta deildarfundu hvers mánaðar.	Að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á leikskólalífið. Börnin eflist og styrkist í samskiptum og þrói með sér lausnaleit í samskiptum við hvert annað.
Sjálfsefning	Efla sjálfhjálp við matarborðið. Auka trú á eigin getu.	Skráningar og tökum myndir. Samtal milli starfsmanna og milli starfsmanna og barna.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Söfnum saman skráningum og myndum. Samtal á fyrsta deildarfundu hvers mánaðar um þau gögn sem safnast saman.	Að starfsfólk öðlist yfirsýn yfir hæfni allra barnanna og leiði þau áfram í átt að aukinni sjálfhjálp.

Sunnulækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019-2020.

Síðasta skólaár einbeittum við okkur að vinnu við eftirfarandi þrjá þætti: Einingakubba, frjálsan leik og samskipti. Við settum okkur markmið að umbótum og settum upp aðgerðar-og tímaáætlun til þess að ná fram markmiðum okkar.



Aðalmarkmiðið í vinnu með einingakubba var að auka gæði kubbastundanna og kenna börnunum frágang á kubbum eftir leikinn. Við höfðum áætlað að láta kubbastundirnar fara fram í fámennum hópum en féllum frá því og frjálst flæði var í kubba eins og í langflest annað leikefni á deildinni. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega fyrir sig og kubbarnir voru mikið notaðir í leikjum. Misjafnlega gekk þó að kenna börnunum að ganga frá eftir sig og á meðan sum þeirra kunnu það fullkomlega voru mörg þeirra ekki enn búin að læra fráganginn að vori. Haldið verður áfram að vinna með einingakubbana, sjá umbótaáætlun.

Vinnan með frjálsan leik gekk mjög vel. Börnin eru snillingar í að leika sér frjálst og var oft á tíðum mikil gæði í leik þeirra. Að skipta þeim niður í smærri hópa gaf mjög góða raun og oft sáu þau sjálf um að skipta sér niður.

Samskiptin gengu vel. Vinnan með Vöndu-hringinn hjálpaði okkur að meta samskipti okkar við börnin og eins pössuðum við að skoða mjög vel samskipti barnanna hvert við annað. Þessi vinna gekk mjög vel og öll börnin náðu að mynda góð tengsl við einhvern á deildinni og eiga í góðum samskiptum við starfsfólk.

Umbótaþættir Sunnulækur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einingakubbar	Allir læri réttan frágang eftir kubbastarf og hann sé sjálfsagður og skemmtilegur hluti af kubbastundinni.	Kennari fylgi börnunum í kubbastundum, fylgist með og leiðbeini þeim með fráganginn á meðan þörf er á.	Frá hausti og fram að áramótum.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Ræða á deildarfundum.	Allir þættir kubbastarfs séu ánægjulegir og sjálfsagðir.
Lýðræði	Að raddir og óskir barnanna heyrist og tillit sé tekið til þeirra.	Kennarar noti virka hlustun til þess að hlusta eftir óskum barnanna.	Allt skólaárið.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Ræða saman á deildarfundum.	Að börnin séu virkir þátttakendur í daglegu starfi.
Umhverfismennt	Gera börnin meðvitum um	Förum í allskonar ferðir í nærumhverfin	Allt skólaárið.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Ræða á deildarfundum.	Að börnin beri virðingu fyrir



	náttúruna og nánast umhverfi.	u, t.d. í grenndargáma með blöð og plast.				umhverfi sínu og náttúrunni.
--	-------------------------------	---	--	--	--	------------------------------

Draumalækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019-2020.

Við ætlum að halda áfram að vinna með þessi þrjú atriði þ.e.a.s einingakubba, frjálsan leik og betri samskipti, bætt líðan, sjá umbótaáætlun.

Finnst þessi atriði vera lykilorð því leikskólinn gefur sig út fyrir opinn efnivið. Þar koma einingakubbarnir sterkir inn sem frjáls leikur þar sem hægt er að flétta svo margt inní, þ.e.a.s samskipti, tillit, tiltekt, deila efnivið og nota orðin okkar svo fátt eitt sé nefnt. Það er lykilatriði að líða vel í leikskólanum, við viljum því hafa góð samskipti og líðan. Við viljum halda áfram að þróa þessi atriði og hefur það líka mikið að segja að deildin er að endurnýjast að miklu leyti.

Einingakubbar

Við byrjuðum ágætlega og vorum með kennara með börnunum til að byrja með í föstum stundum. Síðan þróaðist það að börnin fóru leika meira frjálst og þessar föstu stundir duttu út. Þar af leiðandi sóttu þau ekki eins mikið í einingakubbana. Við þurfum því að vinna áfram með einingakubbana þar sem deildin er mikið að endurnýjast og halda því við sem við vorum búnar að innleiða hjá börnunum sem verða áfram á deildinni.

Frjáls leikur

Okkur fannst frjálsi leikurinn hafi þróast einna mest á deildinni og sjáum við það í leik barnanna, úthald jókst til muna, þau báru umhyggju fyrir hvort öðru og tóku tilliti til hvers annars. Leikurinn fékk að njóta sín og börnin fengu að vita með fyrirvara að bráðum þyrfti að taka saman, þannig að þau fengu tækifæri til að ljúka leiknum. Eins reyndum við eins og hægt var að gera kröfur á börnin að vera ekki að skipta oft um svæði, heldur vera hér og nú.

Betri samskipti, bætt líðan

Við notuðum hringinn hennar Vöndu reglulega þar sem við fórum yfir samskipti og líðan barnanna. Einnig ræddum við samskiptin á deildarfundum. Þetta tókst vel og börnin öll sammála um að

leikskólinn væri vinaleikskóli og við værum góð hvert við annað, sáum mikla gleði og samstöðu hjá börnunum. Þau voru dugleg að bjóða hvort öðru aðstoð og hugga ef einhverjum leið illa.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Einingakubbar	Að börnin kynnist eiginleikum einingakubbana og því sem þeir hafa uppá að bjóða. Börnin beri virðingu fyrir kubbunum. Frágangur hafi jafnmikið vægi og leikurinn sjálfur.	Kennari sé alltaf til staðar á svæðinu og leiðbeini börnunum. Hafa börnin í litlum hópum með sinn kennara. Kennari noti opnar spurningar til að leiða/þróa leikinn. Grípi inní ef ástæða þykir til.	Allt skólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Á deildarfundu m. Með því að taka ljósmyndir reglulega og sjá þróunina. Skráningum	Ánægja og gleði verði meiri hjá börnunum og að úthald aukist hjá þeim. Að börnin sæki meira í þennan efnivið.
Frjáls leikur	Að leikurinn þróist, verði samleikur, læra að deila efnivið og gleðin verði að leiðarljósi.	Með því að hafa þau í litlum hópum. Starfsmaður sé á svæðinu og leiði þau áfram og er til staðar fyrir börnin.	Allt skólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Gefa þeim nægan tíma og rými til að þróa leikinn. Fáí að vita með fyrirvara að bráðum þarf að taka saman. Tiltekt er jafn mikilvæg og leikurinn sjálfur.	Að sjá aukið úthald í leiknum, gleði og ánægju.
Betri samskipti, bætt líðan	Að það séu góð og falleg samskipti á milli barnanna. Börnin taki tillit til hvers annars og þeim líði vel. Hver og einn fái að vera eins og hann er fiðraður.	Með því að halda áfram að nota hringinn frá Vöndu. Ræða saman á deildarfundu m. Kennarar séu fyrirmyndin með falleg og góð samskipti	Allt skólaárið	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Að nota samskiptahrin ginn hennar Vöndu og á deildarfundu m.	Að það séu falleg og góð samskipti hjá börnum, starfsfólki og foreldrum



Ljúfilækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019-2020.

Einingakubbar

Leikefnið er aðgengilegt alla daga. Kubbahópar voru einu sinni í viku. Unnið var í þemavinnu veturinn 2017 – 2018 einingakubbunum – Þemað var „Húsið mitt“. Börnin heimsóttu húsin sín teiknuðu þau og byggðu úr einingakubbunum, eftir hvern kubbátíma var samtal og vangaveltur milli barna og kennara. Frágangur var hluti af kubbastundinni og alla daga var kennarinn með í frágangi. Allir hlutir eiga sinn stað og virðing er borin fyrir leikefninu. Oft er rætt við börnin um umgengni, um námsefnið og fráganginn. Kennarinn undirbýr sig með umræðum við hina kennarana. Í kubbastundum er kennari alltaf undirbúinn og stundin hafði upphaf, miðju og endi. Rýmið var vel úthugsað, viðbótarefni lagt inn þegar byggingarnar voru komnar vel á veg. Kennarinn skráði bæði í myndum og skriflega. Kennarinn leiddi kubbaleikinn með opnum spurningum. Haldið verður áfram að vinna með einingakubbana, sjá umbótaáætlun.

Frjálsi leikurinn

Við bjóðum alltaf hlutverkadót í frjálsa leiknum. Við höfum flokkað viðbótarefniviðið (hlutverkadót) í glæra kassa og bjóðum upp á það til að bæta eða auðga þegar við á. Við pössum okkur á því að hafa ekki offramboð af dóti og síðan er gengið snyrtilega frá aftur í kassann. Börnin geta farið í hillu og sótt sér dót til að leika með þannig að leikefni er sýnilegt og aðgengi gott. Við fylgjumst einnig vel með, án þess að vera ferköntuð, hvað mörg börn geta verið á einu svæði, ef svæði leyfir fjóra og það er flottur leikur með 6 börnum þá gengur það alveg upp. Það er fjölbreytni í leikefninu, þar sem við erum bæði með opinn og lokaðan efnivið. Við viljum helst hafa opinn efnivið en vegna fjölbreytileika í barnahópnum þá hefur reynt betur að bjóða upp á blandaðan efnivið. Við þiggjum allan efnivið sem okkur er boðið og þar eru foreldrar duglegir að gefa okkur m.a. tóma pappakassa til að leika með eða blöð til nota. Haldið verður áfram að vinna með frjálsan leik, sjá umbótaáætlun.

Betri samskipti, bætt líðan

Við höfum ekki verið að standa okkur í að fylgja „Vönduhringnum“ eftir en það er mikill akkur í að gefa börnunum tölur eftir samskipti við kennara – neikvæð samskipti eða + jákvæð samskipti, það er því kjörið að tileinka sér þessi vinnubrögð næsta haust þegar að nýr barnahópur kemur inn á deildina. Haldið verður áfram að vinna með betri samskipti, sjá umbótaáætlun.



Jafnrétti – Lýðræði – Barnasáttmáli

Leikskólinn ákvað að vinna markvissara með Barnasáttmálann í vetur. Við getum bætt okkur í því að gera hann sýnilegri inni á deild, útvega veggspjald og spil í tengslum við Barnasáttmálann. Næstu skref þ.e.a.s. næsta haust getur deildin unnið markvissara og gert upp á deildarfundum hvernig gangi og haldið út skráningar.

Umbótaþættir Ljúfilækur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einingakubbar	Að kortleggja hverfið betur. Gera grenndarfræðslu sýnilegri. Fara markvisst í heimsóknir á vinnustaði foreldra.	Nota opnar spurningar í kubbastundum.	Þegar skólaárið hefst að hausti og unnið markvisst fram að vori.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Skráningar út frá kubbastundum: skrifa, taka myndir. Starfsfólkið ræðir saman á deildarfundum.	Að börnin þekki betur nærumhverfi sitt og hvernig samfélagið okkar virkar.
Frjáls leikur	Að bæta við og nota fjölbreyttari viðbótarefni við. Hvetja foreldra, börn og kennara til að koma með efni að heiman til að dýpka leikinn.	Skrá hverju sinni hverjir velja holukubbana og hversu oft til að hægt sé að fylgja því eftir að allir fá að leika með þá.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Skráningar: Með því að rita og taka myndir. Gera skráningarnar sýnilegri fyrir börnum og foreldrum.	Að börnin njóti sín í minni hópum með fjölbreyttari efni við.
Samskipti og bætt líðan	Að vinna markvissara með Vönduhringinn	Starfsmenn samræma starfsaðferðir.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Deildarfundir Rætt um líðan barnanna, námsgetu og framfarir.	Nota Vönduhringinn markvisst, svo að hægt sé að átta sig á hvort verið sé að sinna öllum börnum jafnt.



Jafnrétti – Lýðræði - Barnasáttmáli	Gera barnasáttmálann sýnilegri.	Vinna markvissara með réttindi og skyldur.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Samræður á deildarfundum berum saman bækur okkar. Skráningar myndrænt. Notast við hjálpargögn.	Að börnin upplifi að þau hafi rödd og séu virkir þátttakendur í daglegu starfi.
--	---------------------------------	--	----------------	---	--	---

Fagrilækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019 – 2020.

Einingakubbar

Í upphafi vetrar var ákveðið að vinna markvisst með einingakubba og að boðið yrði upp á skipulagðar kubbastundir í litlum hópum. Kubbastundirnar gengu vel og fór hver hópur einu sinni í viku í kubbastundir. Viðbótarefniviðurinn sem er í boði með einingakubbunum er vel nýttur og hefur gefið börnunum tækifæri til þess að þróa sig í leiknum og aukið ímyndunarafl þeirra. Mikil þróun hefur átt sér stað í kubbaleik barnanna en mikilvægt er að halda áfram með skipulagt kubbastarfstarf á næsta skólaári til þess að festa kubbaleikinn í sessi og að hann verði hluti af daglegu starfi deildarinnar.

Frjáls leikur

Á Fagralæk eru mörg börn og hefur verið markvisst unnið að því að skipta þeim á milli leiksvæða þannig að það séu ekki of mörg börn á hverju svæði og að þau fái tíma og rými til þess að þróa og auðga leik sinn. Vel hefur verið hugað að efnivið og umhverfi barnanna og breytingar gerðar til þess að skapa börnunum aðstæður til þess að auðga frjálsa leik. Það má því segja að börnin á Fagralæk njóti sín í leik í litlum og stórum hópum með fjölbreyttan efnivið.

Samskipti og líðan

Í haust byrjuðu 11 börn frá Mánalæk og 17 börn frá Undralæk á Fagralæk og fór allt haustið í það að aðlaga börnin. Unnið var mikið með samskipti barnanna og fengum við ráðgjöf og ráðleggingar frá hegðunarráðgjafa. Sú ráðgjöf nýttist vel og hefur skilað sér í betri samskiptum þeirra á milli og betri líðan þeirra. Hins vegar náðist ekki að fara í greiningarvinnu samkvæmt efni frá Vöndu og er því mikilvægt að byrja komandi haust á þeirri vinnu til þess að stuðla að enn betri samskiptum og líðan barnanna á Fagralæk, sjá umbótaáætlun.

Tækifæri til umbóta: Umbótaþáttur í starfsáætlun næsta árs (2019-2020) er að tileinka okkur samskiptahringinn hennar Vöndu, gera ritmálið sýnilegra á deildinni, efla sjálfbærni barnanna og bæta umgengni.

Umbótaþættir Fagralækjar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Bætt samskipti, betri líðan	Nýta samskiptahring Vöndu áfram til þess að að greina samskipti milli hópa/einstaklinga á deildinni.	Með því að nota hringinn og meta okkur sjálf og börnin á hreinskilin og uppbyggjandi hátt.	Næsta skólaár	Deildarstjóri.	Á deildarfundu m, með samræðum og skráningum	Bætt samskipti, betri ákvarðanir.
Ritmál	Að gera ritmálið sýnilegra á deildinni.	Hafa hvetjandi ritmálsumhverfi. Merkja hluti í umhverfinu með orðum. Stuðla að góðri málfærni og skapandi hugsun í gegnum örvandi leik og bókalestur.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með skráningum og samræðum.	Að ritmálið verði gert sýnilegt á deildinni til þess að auka færni og þekkingu barnanna.
Umgengi	Bæta umgengi og frágang á deildinni bæði hjá börnum og starfsfólki.	Efla börnin í fágangi þegar það er verið að ganga frá eftir leik. Að starfsfólk sýni gott fordæmi og aðstoði börnin við frágang.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og annað starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með skráningum og samræðum.	Bæta umgengni á deildinni og efla börnin í því að bera virðingu fyrir umhverfi.
Sjálfbærni	Gera börnunum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili	Að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og hvort öðru.	Næsta skólaár.	Deildastjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundu m. Með skráningum og samræðum.	Að starfsfólk öðlist yfirsýn yfir hæfni og getu allra barnanna á



	umhverfis og félagslegra þátta.	Börnin fá tækifæri til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins.				deildinni og leiði þau áfram í átt að auknum þroska og meðvitund um gildi, viðhorf og tilfinningar þeirra.
--	---------------------------------	--	--	--	--	--

Huldulækur

Samantekt á niðurstöðum innra mats starfsárið 2019-2020

Einingarkubbar

Börnin voru framan af vetri í skipulögðum kubbastundum sem sami kennari var með. Börnin lærðu margt og mikið af þeim stundum. Skipulögðu kubbastundirnar hafa lagst af og kubbaleikurinn hefur þróast út í að vera daglegt viðfangsefni barnanna á leiktíma þeirra. Vel hefur gengið hjá þeim að nýta sér efniviðinn til allskonar leikja og þróa leikinn áfram með ýmsu öðru.

Frjáls leikur

Börnin á deildinni hafa í samstarfi við kennarana þróað fjölbreytt og gott starf með opinn efnivið á Huldulæk. Þau geta leikið með hvað sem er hvenær sem er og sjá alltaf allskonar tækifæri til leikja öllum stundum. Leikefnið sem er á deildinni er sýnilegt börnunum og hafa þau aðgang að efniviðnum daglega og hefur það gengið mjög vel.

Samskipti og bætt líðan

Í samskiptahring Vöndu var farið í fyrri part vetrar og nýttist það vel fyrir starfsmenn að greina ýmislegt í samskiptum barna og fullorðinna. Vilji er til að kynna sér hann betur og festa hann í sessi. Samskiptin á deildinni eru góð bæði hjá fullorðnum og til barnanna og milli barnanna og milli kennarana. Mikil vinna hefur farið fram í að ræða vináttu, virðingu og fjölbreytileika mannlífsins. Unun er að fylgjast með samskiptum barnanna í leik hvað þau hafa þróað með sér góða félagsfærni. Haldi verður áfram að vinna með bætt samskipti, sjá umbótaáætlun.

Tækifæri til umbóta

Það sem okkur finnst ábótavant er að það þarf að laga umgengni á deildinni bæði þarf að kenna börnunum með gleði tiltekt og vera með þeim í leik að taka til. Annað sem okkur finnst þurfa að bæta er bætt aðstaða fyrir starfsmenn á deildinni fyrir gögn sem verið er að nota hverju sinni sem mun skila sér í betra starfi og betri umgengni með börnunum. Vinna áfram með Vönduhringinn.

Umbótaþættir Huldulækjar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæt lun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Umgengni	Aðlaðndi umhverfi.	Samvinna barna og starfsmanna um að gera umhverfið fallegra fyrir alla.	Næsta skólaár.	Allir saman.	Samtal í samverum og á deildarfundum.	Fallegt umhverfi, virðing og bætt umgengni.
Bætt aðstaða fyrir starfsmenn	Markvissara starf.	Hirslur.	Haut 2019.	Deildarstjóri leikskólastjóri.	Samræða, upplifun og notendagildi. Myndir fyrir eftir.	Betra starf með börnunum.
Samskipti og bætt líðan	Nota samskiptahring Vöndu til þess að greina samskipti milli hópa/einstaklinga á deildinni.	Með því að nota hringinn, meta okkur sjálf og börnin á hreinskilinn og uppbyggjandi hátt.	Næsta skólaár.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.	Á deildarfundum með samræðum og skráningum.	Bætt samskipti kennarana við börnin og á milli barnanna.

Lýðræði og þátttaka barna í mati á skólastarfi

Á deildum leikskólans tóku börnin þátt í og höfðu áhrif á ýmislegt sem snéri að þeim í leik og verkefnum yfir skólaárið. Börnin voru hvött til gagnrýnnar hugsunar, taka virkan þátt í samræðum, hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum. Hér á eftir eru nokkur dæmi um þátttöku þeirra og mat í skólastarfinu.

- Börnin fengu að hafa áhrif á hvert væri farið í gönguferðum. Eftir gönguferð voru samræður um hvernig þeim fannst og hvernig þeim leið.
- Í desembermánuði fengu börnin að koma með óskir um allskonar, þau settu óskirnar á blað. Blöðin voru hengd upp og mynduðu jólatré. Kennararnir uppfylltu allar óskirnar og útfærðu það á skemmtilegan hátt með börnunum.
- Börnin bjuggu til sínar eigin samskiptareglur sem þau teiknuðu upp og minnir alla daga á það sem þau komu sér saman um. Í mati kom fram að það var leiðinlegt að leika ekki með allt dótið í samkomubanninu.



- Á útskriftardaginn fengu börnin að velja um hvað væri að borða í hádeginu. Stór útskriftarárgangur og meirihlutaálýðræðið réði. Meirihluta val var grjónagrautur. Öll börn í útskriftarárganginum fengu að taka þátt.
- Í verkefnum tengdum Grænfánanum taka elstu börnin þátt í að meta ákveðna þætti með brosköllum. Reglulega eru samræður um umhverfissáttmála Laugasólar en tekið hefur verið út úr sáttmálanum einkunnarorðin, *Hafa heiminn fallegan*. Þátttaka barnanna í samræðum á fundum/samverustundum, þar sem er spurt er, **hvernig höfum við heiminn fallegan?** Komið er saman reglulega þar sem börnin ræða saman, skiptast á skoðunum og leggja mat á hvernig til hafi tekist frá því síðast.

3 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna á tímabilinu 28. janúar – 26. febrúar 2020. Könnunin var í formi spurningalista og rafræn.

Helstu niðurstöður

Svarhlutfall var 36,5% og hefur þátttaka dregist mikið saman frá síðustu könnun enda verkfall og coveid -19 komið til sögunnar á þessum tíma. Áreitni og einelti mælist ekki í Laugasól í þessari könnun og er það mikið ánægjuefni. Þessir þættir ásamt fordómum voru settir í umbótaáætlun í starfsáætlun 2019-2020. Fordómar mælast þó enn og kom fram að 10,5% (2) starfsmanna urðu vitni að fordómum í könnuninni. Niðurstöður flestra þátta eru svipaðar og í síðustu könnun en þó má sjá hækkun í starfsanda og starfsánægju.

Tækifæri til umbóta

Þó að áreitni og einelti mælist ekki í þessari könnun þá þarf sífellt að huga að heiðarlegum samskiptum og jákvæðu starfsumhverfi þar sem hver og einn fær að njóta sín eins og hann er. Þó svo að vinnuaðstaða hafi batnað samkvæmt könnun þá má alltaf gera betur og þar er svo sannarlega tækifæri til umbóta. Hvetja þarf til aukinnar þátttöku foreldra og barna.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurm at; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
--------------------------	------------------------	------------------------	------------	---------------	--	----------------------

Fordómar	Að enginn þurfi að upplifa fordóma.	Heiðarleg samskipti, samræður, fræðsla.	Skólaárið 2020-2021.	Allir starfsmenn.	Viðhorfs könnun vor 2021.	Að ekki mælist fordómar í næstu könnun.
Bæta vinnuaðstöðu starfsmanna	Að öllum starfsmönnum líði vel í starfi.	Bæta starfsmannaaðstöðu, bæði inn á deild og utan hennar.	Skólaárið 2020-2021.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskóla stjóri.	Viðhorfs könnun vor 2021.	Að starfsmenn upplifi bætt umhverfi og líði betur.
Meiri þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	Að foreldrar og börn séu meiri þátttakendur í leikskóla-starfinu.	Hvetja foreldra til að koma að starfi leikskólans, s.s. í foreldraráði, stjórn foreldra-félagsins og fl.	Skólaárið 2020-2021.	Allir starfsmenn.	Viðhorfs könnun, vor 2021.	Í næstu viðhorfs-könnun mælist meiri ánægja hjá foreldrum og að þeir upplifi að þeir hafi áhrif.

Ytra mat á skólastarfi Laugasólar

Ytra mat var gert á skólastarfi Laugasólar í nóv. 2018. Matið var gert af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Ytra mat er úttekt á starfsemi leikskólans. Matið fólst í öflun upplýsinga um leikskólastarfið með viðtölum og rýnihópum auk þess sem fylgst var með starfinu á vettvangi. Einnig voru sendar stuttar spurningakannanir á vef til starfsfólks og foreldra.

Helstu niðurstöður

Fagmennska og góðir starfshættir einkenna allt starf leikskólans með áherslu á umhyggju, gagnrýna hugsun og flæði í leik barna og aðgengi að opnum efnivið.

Myndin sýnir meðalstalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun,	Leikskóli án aðgreiningar/			

áætlanir og verklagsreglur	leikskóli margbreytileikans
	Mat á námi og velferð barna

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók árleg starfsþróunarsamtöl á vorönn 2020. Samtölin voru stutt

(snerpusamtöl)

þar sem áhersla var lögð á líðan starfsfólks og áframhaldandi starf í Laugasól.

Samtölin voru boðuð með nokkra daga fyrirvara og fékk hver kennari undirbúningsblað frá leikskólastjóra.

Skipulagsdagar 2019-2020

Fjölbreytt fræðsla var í boði á skipulagsdögum, bæði voru það sérfræðingar utan úr bæ og kennarar í Laugasól sem fjölluðu um ýmis málefni tengt áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana og menntastefnu. Skólaárið 2019-2020 voru eftirfarandi fyrirlestrar/kynningar á skipulagsdögum og starfsmannafundum í Laugasól:

- Anna Steinsen frá Kvan – Hlutverk starfsmanna og fl.
- Sólveig Björg Pálsdóttir/kennari í Laugasól kynnti meistaraprófsritgerð sína „Petta er alltaf svona bak við eyrað“ : Kynjajafnréttismenntun elstu barna í sex leikskólum.
- Sigrún Elva Einarsdóttir frá Krabbameinsfélaginu hélt fyrirlestur um áfall sem starfsmenn verða fyrir þegar einhver úr hópnum greinist með krabbamein og hvernig hægt er að vinna úr því.
- Arnrún Magnúsdóttir var með fyrirlestur – Fræða en ekki hræða.
- Ellen Calmon var með fyrirlestur um innleiðingu réttindaskóla UNICEF og Barnasáttmálann.
- Elva Öfundardóttir/kennari í Laugasól kynnti einingakubbastarf vetrarins með yngstu börnum leikskólans.
- Þóra Þorvaldsdóttir/kennari í Laugasól ræddi um umhverfismennt – Hvert viljum við stefna?



- Margrét Sigurðardóttir og Margrét Steinþórsdóttir/kennarar í Laugasól ræddu um útikennslu/útinám - Hverjir eru möguleikarnir?
- Vanda Sigurgeirsdóttir flutti fyrirlestur á starfsmannafundi um sjálfsefningu barna í tengslum við þróunarverkefnið, *Ég þori, get og vil*, sem fór af stað haust 2019.

Áætlun um símenntun næsta skólaárs (2020-2021)

- Laugasól hefur tekið fyrsta skrefið í þeirri vegferð að verða réttindaskóli UNICEF og verður áfram unnið að því að innleiða verkefnið næsta skólaár. Unnið verður markvisst með jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Leitast verður við að hafa Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna að leiðarljósi. Stefnt er að því að leikskólarnir í hverfinu verði réttindaskólar UNICEF eins og grunnskóli hverfisins.
- Verkefnið hér að ofan tengist svo Þróunarverkefninu, *Ég þori, get og vil*, sem farið er af stað í samvinnu við leikskólann Hof. Markmið verkefnisins er að efla sjálfsmynd og trú á eigin getu, sérstök áhersla er lögð á börn af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra. Aukin áhersla á samvinnu við Hof í námi elstu barna skólanna og að tengja verkefnið við grunnskóla hverfisins og frístund/Laugasel.
- Áfram verður haldið í að samræma skipulag í námi með einingakubba. Markvissar kubbastundir hafa verið með yngstu börnum leikskólans undir stjórn Elvu Önundardóttur leikskólakennara.

Námskeið/Ráðstefnur sem kennarar sóttu á skólaárinu 2018-2019

- Tengslavandi hjá leik- og grunnskólabörnum - Gagnlegar áherslur og aðferðir sem lofa góðu.. Endurmenntun Háskóla Íslands, umsjón Vilborg G. Guðnadóttir, hjúkrunar- og fjölskyldufræðingur og handleiðari á BUGL (okt. 2018).
- Ársráðstefna SATIS samtaka um atferlisgreiningu á Íslandi. Fyrirlestrar hjá Dr. Greg Hanley og Dr. Pat Friman fræðimenn á sviði atferlisgreiningar (nóv. 2018).
- Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (okt. 2018).

- Læsi í skapandi skólastarfi - Menntamálastofnun og Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (sept. 2018).
- Bett og Education show í London í jan. 2019 (námsgagnasýning og fyrirlestrar).
- Tras í mars 2019.
- Skráning og þjálfun - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (maí 2019).
- Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (16.- 17. maí 2019).
- Námskeið í Skotlandi -Storytelling Festival hjá Scottish Storytelling Centre í Edinborg (apríl 2019).
- Námskeið í nýrri Völu þar sem farið var yfir helstu þætti sem tengjast nýja völukerfinu (sept. 2018).
- Flæði – Hugarástand í leik og starfi (okt. 2019).
- Leikskólastarf í nútímasamfélagi – Hver ákveður hvað börnum er fyrir bestu (nóv. 2018).
- Sá sem er glaður er góður, ráðstefna fyrir starfsmenn leikskóla (feb. 2019).

Fjarnám

- Kennari í meistaranámi í leikskólafræðum – leikskólaleiðbeinandi B. Námi lokið vor 2019.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Laugarnesskóli/Laugasól

- Nóvember: Nemendur 5. bekkja heimsækja gamla leikskólann sinn kl. 10:00 og syngja og leika með leikskólabörnunum. Boðið er upp á ávexti í leikskólanum.
- Bókasafnsheimsókn nóv./des.
- Janúar: Nemendur 1. bekkjar heimsækja gamla leikskólann sinn. Boðið er upp á ávexti í leikskólanum.
- Febrúar: Nemendur leikskólans koma í heimsókn til stjórnenda Laugarnesskóla og fara í skoðunarferð um skólann.

- Mars: Börn leikskólans fara seinni hluta vetrar í litlum hópum í Laugarnesskóla. Þau hafa nesti meðferðis og taka þátt í hefðbundnu skólastarfi fyrir hádegi.
- Maí: Útivistardagur - Leikskólabörnin koma í skipulagða dagskrá með nemendum í 1. bekk á skólalóð Laugarnesskóla. Boðið er upp á ávexti í skólanum.
- Maí: Fundur í Laugarnesskóla fyrir verðandi 1. bekkinga og foreldra þeirra.

Laugalækjarskóli/Laugasól

- Laugasól og Laugalækjarskóli hafa verið í samstarfsverkefni frá 2015. Verkefnið gengur vel og nemendur úr Laugalækjarskóla eru áhugasamir og taka þátt í leik með börnunum. Markmið verkefnisins er að bæta skilning, þátttöku og virkni nemenda við nærumhverfið með samfélagslegri nálgun. Skólaárinu er skipt í þrjár annir þar sem nemendur í Laugalækjarskóla geta valið um sjálfböðavinnu í Laugasól, sjálfböðavinnu á Hrafnistu eða aðstoðarkennslu í 7. og 8. bekk. Verkefnið er valfag í 9. og 10. bekk og koma þrír til fjórir nemendur einu sinni í viku í 60-80 mínútur í senn og leika með leikskólabörnum. Tengiliður verkefnisins er Lísarúth Klöruðóttir.
- Sögugerð - Samstarf við nemendur í 7. bekk, eldri börnum úr Laugasól boðið í heimsókn með það að markmiði að kynnst þeim og fá hugmyndir þeirra og viðhorf um barnasögur. Börnunum er skipt niður í litla hópa þar sem nemendur spyrja spurninga og spjalla. Viku seinna fara allir nemendur í 7. bekk í nokkrum hópum að heimsækja leikskólann og lesa upp sögurnar sem þau höfðu samið með leikskólabörnunum.
- Nemendur úr Laugalækjarskóla sem eru að læra íslensku komu í heimsókn í Laugasól og fylgdust með börnunum í leik, úti og inni.

6 Foreldrasamvinna

Í **foreldraráði** Laugasólar eru þrír fulltrúar, þeir gefa kost á sér á foreldrafundum sem haldnir eru á haustin. Foreldraráð fer yfir starfsáætlun ár hvert og kemur að ákvörðun um sumarlokun skólans, einnig geta ýmis önnur mál komið til foreldraráðs. Stjórnendur Laugasólar funda reglulega með foreldraráði yfir skólaárið.

Foreldrafundir eru í september/október. Á fundunum er skipulag og starfsemi skólaársins kynnt. Fundirnir eru ýmist haldnir á deildum eða í sal Laugaborgar og Lækjaborgar fyrir eða eftir hádegi. Nýjum foreldum er boðið á fund í aðlögunarviku þar sem leikskólinn er kynntur, farið yfir námskrá og starfsemi leikskólans.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eftir þörfum á öðrum tímum ársins. Stutt samtal á haustin (10-15 mín.) eftir að aðlögun barns lýkur og seinna samtal í mars/apríl (20-30 mín.).

Deildarstjóri og leikskólakennari taka samtöl við foreldra.

Í júní er nýjum foreldrum boðið í **heimsókn** þar sem þeir ásamt börnum fá tækifæri til skoða sína deild og hitta kennarana.

Foreldrafélag í stjórn foreldrafélagsins eru starfandi 7 foreldrar. Stjórn foreldrafélagsins ásamt leikskólastjóra funda/eða senda tölvupóst nokkru sinnum á skólaárinu. Foreldrafélagið stendur fyrir og skipuleggur skemmtanir í samstarfi við leikskólastjóra.

Samskipti við erlenda foreldra

Lögð er áhersla á að koma af stað góðum samskiptum við foreldra þannig að það myndist gott samstarf um velferð barnsins. Í upphafi er ákveðinn starfsmaður sem sinnir aðlögun og fyrstu samskiptum við fjölskylduna. Ef á þarf að halda er fenginn túlkur í foreldrasamtöl og þegar þurfa þykir. Ef starfsmaður er til staðar í leikskólanum sem talar þeirra tungumál þá er það líka nýtt í samskiptum við foreldra. Önnur upplýsingagjöf fer fram á íslensku. Markvisst er unnið með daglegan orðaforða hjá börnunum. Ef ástæða þykir til er unnið sérstaklega með börnum sem eru með íslensku sem annað mál. Þau eru tekin í litlum hópum í málörvun og þeim er fylgt eftir í leik.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Laugarneshverfi skólaárið 2020-2021:

Skipulagsdagar á sama tíma og grunnskólinn:

- 24. ágúst 2020
- 27. október 2020
- 10. maí 2021

Aðrir skipulagsdagar:

- 25. september 2020
- 15. janúar 2021
- 26. mars 2021
- 18. júní 2021

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs



F. h. leikskólans

Hanna Halldórsdóttir

25. júní 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	2 börn	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	9 börn	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	17 börn	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	10	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já drög	Stefnt að ljúka innleiðingu haust 2019
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já drög	Stefnt að ljúka innleiðingu haust 2019
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Sjúkrahjálfa og iðjuþjálfa á Æfingastöðinni og talmeinafræðinga á Heyrnar og talmeinastöðinni og Talþjálfun Reykjavíkur
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats

Kveikja áhuga starfsfólks leikskólans á fjölbreyttum leiðum til málörvunar með börnum.

Í starfsáætlun 2018-2019 var einn af umbótaþáttum sérkennslustjóra að kveikja áhuga starfsfólks leikskólans á fjölbreyttum leiðum til málörvunar með börnum. Ákváðu sérkennslustjórar að velja aðra leið að markmiðum en kom fram í starfsáætlun í þeim tilgangi að ná til sem flestra starfsmanna



leikskólans. Einnig vildu sérkennslustjórar skerpa á og auka þekkingu starfsmanna á skimunum sem eru notaðar í leikskólanum er miða að því meta þroskastöðu leikskólabarna. Sérkennslustjóri var með kynningu á fjölbreyttu efni til málörvunar, HLJOM 2 og TRAS á starfsdegi leikskólans þann 23. nóvember 2018. Í þessari þrífættu kynningu var farið yfir ýmskonar málörvunarefni m.a. sem skólinn á og möguleika til notkunar. Kynning á HLJOM 2 miðaði að því að segja frá tilgangi prófsins og leiðir til að efla hljóðkerfisvitund hjá leikskólabörnum í tengslum við lestur bóka. Kynning á TRAS miðaði að því að fara yfir þá þætti í þroska barna sem verið er að skima og hvernig nýta megi niðurstöður.

Að bæta samstarf sérkennslu og deildar var einn að þremur umbótaþáttum er sérkennslustjórar völdu að skerpa á með það að markmiði að auka upplýsingaflæði deildar og sérkennslu til að styðja betur við nám barna sem njóta sérkennslu. Að okkar mati hefur gengið vel að yfirfæra áherslur í þjálfun einstakra barna inni starfið á deildinni og sömuleiðis að flétta einstaka áherslur þætti í deildarstarfi inni einstaklingsþjálfun barna sem njóta sérkennslu.

Langtímaáætlun vegna barna sem falla undir 1. og 2. flokk var þriðji þátturinn í umbótaáætlun. Við álitum það vera erfitt að útbúa langtímaáætlun þar sem vinna þarf með börnunum í smáum skrefum og stöðugt vera að endurmeta og setja ný markmið. Hins vegar teljum við að reglulegir samráðsfundir með sérkennsluráðgjafa og teymisfundir hafi skilað sér í markvissari vinnubrögðum.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum).	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Verkefilar sérkemmslu	Að verkferlar vegna sérkennslumála sú gerðir skýrir og sýnlegir.	Starfsfólk og foreldrar átti sig á því ferli sem fer af stað þegar	Vinna er hafin og stefnt á að ljúka í haust 2019.	Sérkennslu- stjórar.	Rýna í fyrirkomulag og safna gögnum á fundum með	Hvernig gengur að vinna eftir verkferlunu m

		grunur vaknar um frávik.			stjórnendum leikskólans (deildarsjórafundum).	
Áætlun um snemmtæka íhlutun	Að útbúa áætlun sem hægt er að fara eftir þegar grunur vaknar um að barn þurfi aðstoð.	Að deildarstjórar hafi áætlun sem gripið verður til áður en mál eru send í frekara ferli.	Hefst haustið 2019 og áætluð lok 2020.	Sérkennslustjórar, deildarstjórar.	Rýna í áætlun á deildarfundum.	Að fólk geti unnið eftir áætlun og hún sé lifandi í starfinu.
TRAS	Að TRAS skráningarlistinn verði notaður til að fylgjast með máltöku allra barna leikskólans sem eru á aldrinum 2-5 ára gömul.	Að þeir starfsmenn leikskólans sem uppfylla hæfniskröfur fari á TRAS réttindanám skeið.	Hófst haustið 2018 og stefnt á að því verði lokið í desember 2019.	Sérkennslustjórar og deildarstjórar.	Gera könnun meðal deildarstjóra á þörfinni fyrir því að starfsfólk fari á réttindanám skeið. Safna gögnum um það hvernig niðurstöðu úr TRAS eru að nýtast.	Að TRAS skráningarlistinn verði notaður til að fylgjast með máltöku alla barna leikskólans.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Íslenskan er gerð sýnileg á myndrænan hátt og kennari fylgist með hvort barnið skilji og fylgi eftir því sem fram fer. Lítið er unnið með móðurmálið.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Unnið er með daglegan orðaforða í matartímum, sögu- og söngstundum og fataklefa. Í sögustund er unnið með ýmis hugtök, notaðar myndir, sögur, leikir, spil.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Alla daga, allar stundir dagsins og þá sérstaklega í sögu- og söngstundum - myndir, leikir, spil.
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Kennarar fylgjast með og ræða saman um stöðu barnsins. Skimanir með TRAS, Orðaforðalistinn og Hljóm 2 notað þegar hægt er.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Kennarar eru vakandi yfir virkri þátttöku og framförum barnanna. Samræður eru á milli kennara um alla þessa þætti og hvernig hægt er að gera betur og nota fjölbreyttari leiðir í málörvun.

Niðurstöður innra mats

Kennarar fylgjast með þroska og framförum barnanna og eru tilbúnir að auðga leikinn með fjölbreyttum leiðum. Börn þurfa að geta sett orð á tilfinningar sínar, tjáð sig í gleði og sorg við félagar og komið óskum sínum og þörfum á framfæri við kennara. Leggjum áherslu á að nota fjölbreyttari leiðir í málörvun. Gera ritmálið sýnilegra á deildum. Lesa og leika með ritmálið, í sögu- og



samverustundum og allsstaðar. Móðurmál tvítyngdu barnanna er lítið sem ekkert sýnilegt og þarf að skoða það. Fá foreldra meira í samstarf, t.d í tengslum við heimamenningu barnsins.

Fjármagnið sem úthlutað var vegna fjölmenningar var sett í launakostnað vegna kennara í sérkennslu.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Efla orðaforða, málskilning og félagsleg tengsl	Að barnið nái sem mestum framförum í íslensku og eignist vini.	Vinna í litlum hópum að fjölbreyttum verkefnum. Kennarinn er til staðar og styður við frjálsan leik eftir þörfum.	Skólaárið 2019- 2020.	Deildastjórar	Athuganir á vettvangi Samræður á deildarfundu m.	Að barnið blómstri í leikskólanum og taki fullan þátt í samræðum, leik, sögu- og söngstundum.
Heimamennin g	Kynnast fjölskyldunni með virðingu að leiðarljósi.	Fjölbreyttar leiðir í samskiptum við fjölskyldur. Jákvæð athygli	Skólaárið 2019- 2020	Starfsmenn leikskólans.	Samræður og fundir.	Að barnið og foreldrar byggi upp traust gagnvart starfsmönnum leikskólans. Að samvinnan verði jákvæð og barninu til heilla.



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birna Hjaltadóttir
Ilmur Kristjánsdóttir
Lína Dögg Ástgeirsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Það sem einkennir starf Laugasólar er faglegt og metnaðarfullt starf og ber starfsáætlun þess glöggt merki. Síðastliðið skólaár var, að auki við hefðbundið innra mat, unnið ytra mat á skólastarfinu af starfsfólki Skóla- og frístundasviðs. Foreldraráð kom að því mati sem partur af rýnihóp. Það er skemmst frá því að segja að leikskólinn kom vel út úr því mati. Það er til marks um gott starf skólans hve skólabragur og uppeldis- og menntastarf kom vel út úr matinu og er það eflaust helst því að þakka hve mikill mannauður er innan veggja skólans,

hátt menntunarstig starfsfólks og starfsmannavelta er lítil. Auðvitað er ætíð rými til umbóta og ber þar helst að nefna að efla aðkomu og áhrif barnanna og forsjáraðila þeirra á starf leikskólans. Í starfsáætlun fyrir næsta vetur er einmitt hugað að þessum þætti. Einnig er lögð áhersla á að efla gagnrýna hugsun barnanna og að rými sé fyrir flæði í frjálsum leik og greitt aðgengi að opnum efnivið. Umhyggja er jafnframt grunnstefið í öllu skólastarfi á Laugasól.

Foreldraráð Laugasólar,

Birna Hjaltadóttir

Ilmur Kristjánsdóttir

Lína Dögg Ástgeirsdóttir





Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Laugasól**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F		29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M		